

Hafnarfjörður, 10. febrúar 2021

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um Samfélagstúlkun.

Þegar við skoðum túlkapjónustu á Íslandi í dag kemur í ljós að á henni eru því miður margir gallar. Mikilvægt er að taka til umræðu menntun samfélagstúlka á Íslandi til að koma þjónustunni í rétt horf.

Á Íslandi eru bara gerðar kröfur á sviði dómtúlkunar (sjá lög nr. 148/2000, um dómtúlka og skjalapýðendur), en engar opinberar kröfur væru gerðar til túlka að öðru leyti. Túlkum yrði veitt einhvers konar starfsleyfi ef þeir uppfylltu lágmarkskröfur sem opinberir aðilar gerðu til túlka (t.d. með því að sækja námskeið, öðlast fræðslu eða fá þjálfun).

Slíkt starfsleyfi væri ákveðin lausn ef opinberir aðilar vilji tryggja gæði túlkunar og að fjármunum til hennar verði sem best varið. Leyfið mætti útfæra á ýmsan hátt, t.d. væri hægt að sérhæfa sig í túlkun fyrir heilbrigðiskerfið og kröfur yrðu mismunandi eftir sviðum, aðrar kröfur og ábyrgð eiga við á heilbrigðissviði en í t.d. leikskólum. Opinber stofnun, eins og til að mynda Landspítalinn, gæti þá gert það að skilyrði að einungis túlkar sem uppfylli þessar kröfur fái að túlka hjá þeim. ( Skýrsla um túlkapjónustu til innflytjenda. 2011. Bls. 22-23

Í dag, er ástandið með þeim hætti að engar kröfur þarf að uppfylla, ekki hafa neitt sérstakt próf og enga sérstaka menntun. Þessu verður að breyta.

Sálrænt álag á túlkum getur verið gríðarlegt – ómenntaður túlkur sem aldrei fær að ræða sitt hlutverk, vinna úr ágreiningi o.s.frv., á miklu erfiðara með að ráða við verkefni sín sem geta til dæmis verið að túlka í barnaverndarmáli, kynferðisbrotamáli eða fyrir hælisleitendur. Í mörgum löndum eru samfélagstúlkar sérhæfðir túlkar, túlka einungis á spítölum eða einungis hjá félagsþjónustu en hér á landi er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur þarf sami túlkurinn að túlka í starfsmannasamtali í byggingariðnaði, foreldraviðtali, á geðdeild eða fyrir dómi.

Túlkar segja að það borgi sig ekki að mennta sig í túlkastarfi þar sem vinna þeirra sé eingöngu verktakavinna. En hvað með alla rafvirkjana, smiðina,

pípulagningarmennina? Þeir eru líka oftar en ekki verktakar – en, þeir eru vel menntaðir í sínu fagi. Ein mistök eða misskilningur getur kostað mannlíf eða haft hrikalegir afleiðingar. Þó að yfirvöld borgi túlkum minna en helming þess sem þau borga viðgerðarmanni sem kemur til að líta á kaffivélina finnst þeim þjónustan dýr og á tímum sem þessum þarf að spara.

Ábyrgð túlks er mikil, hlutir eins og röng sjúkdómsgreining, trúnaðarrestur eða vanlíðan barns vega þungt. Einnig eru sum samfélög innflytjenda mjög lítil og allir þekkjast og það getur gert starf túlks mjög erfitt og margir góðir túlkar hafa gefist upp eða þurft að fórna sínu eigin félagslífi. Samt er þessu starfi sýnd mjög lítil virðing; launin eru lægri en á kassanum í Bónus og það er undir viðkomandi túlkabjónustu komið hvort túlkar fái yfir höfuð einhverja fræðslu. Rammasamningar Ríkiskaupa eða sveitarfélaga gera engar formlegar kröfur til menntunar túlka.

Þess vegna er svo afar mikilvægt að túlkar undirgangist próf til að geta fengið starfsréttindi. Það er líka mikilvægt að flokka túlka eftir menntun og reynslu eins og gert er í flestum Evrópulöndum. Ef ekki verður gerð bragarbót búum við áfram við slæma túlkabjónustu að því það eru fleiri og fleiri útlendingar sem byrja að tala tungumál í landinu þegar allir geta starfað sem túlkar. Það eina sem þarf til að geta starfað sem túlkur er að kunna tungumál en það er þó ekki einu sinni metið sérstaklega. Það er gott að hafa í huga að núna er tækifæri til að breyta þessu. Það er nauðsynlegt.

Anna Karen Svövdóttir  
Túlkur og þýðandi